

Samstarfssáttmáli bæjarstjórnar Akureyrarbæjar

Leiðarljós

Traust, gagnkvæm virðing og gagnrýnin umræða eru grundvöllur samstarfs okkar í bæjarstjórn. Við leggjum áherslu á að styðjast við gögn við ákvarðanatöku og munum ávallt leita lausna til frambúðar.

Framtíðarsýn til næstu 5 ára

- Rekstur Akureyrarbæjar verði fjárhagslega sjálfbær og vörn verði snúid í sókn
- Akureyrarbær verði þekktur fyrir framúrskarandi skóla, lífsgæði og góða þjónustu með áherslu á stafrænar lausnir og íbúasamráð
- Samkeppnishæfni sveitarfélagsins verði með þeim hætti að fyrirtæki og stofnanir telji sveitarfélagið fýsilegan kost fyrir starfsemi sína, þannig að fjölbreyttum störfum fjölgi
- Staðinn verði vörður um viðkvæma hópa samfélagsins, hagsmunir barna og ungmenna verði settir í forgang og blásið til sóknar á íbúa- og atvinnumarkaði

Stefnum að sjálfbærum rekstri

Við ætlum að

- Fækka fermetrum með því að samnýta og/eða selja húsnæði
- Lækka heildarlaunakostnað þannig að hann verði ásættanlegt hlutfall af rekstrartekjum
- Endurskoða laun bæjarfulltrúa, bæjarstjóra og sviðsstjóra
- Meta hvaða ólögbundnum verkefnum á að hætta og/eða draga úr
- Einfalda stjórnsýslu og sameina svið
- Horfa til stafrænna lausna í þjónustu
- Skoða, greina og meta mögulega útvistun verkefna
- Draga úr ferðakostnaði
- Endurskoða samstarfssamninga
- Endurskoða gjaldskrár
- Draga úr afgreiðslutíma þar sem því verður við komið
- Leita leiða til að draga úr kostnaði við snjómokstur
- Taka upp gjaldskyldu á bílastæðum í miðbænum
- Endurmeta aðkomu að hátíðarhöldum
- Vinna að útvistun á rekstri og uppbyggingu í Hlíðarfjalli á heilsárs grunni
- Skoða úrbætur á starfsaðstöðu og vinnufyrirkomulagi starfsfólks bæjarins með áherslu á að auka sveigjanleika í starfi og draga úr veikindaförföllum

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like JBR, AS, and others.

Setjum hagsmuni barna og ungmenna í forgang

Við ætlum að

- Innleiða aðgerðaáætlun menntastefnunnar með það að markmiði að menntastofnanir okkar verði framúrskarandi á landsvísu
- Veita áfram góða leikskólaþjónustu
- Vinna í samræmi við íþróttastefnuna og stefna markvisst að því að efla fjölgreinaíþróttafélög
- Endurskoða forvarnarstefnu
- Standa vörð um verkefnið „Barnvænt sveitarfélag“
- Halda áfram að auka samfellu í skóla- og frístundastarfi
- Standa vörð um Barnamenningarhátíð á Akureyri

Verjum viðkvæma hópa samfélagsins

Við ætlum að

- Tryggja að gjaldtaka fyrir þjónustu sé hófleg og tekið sé sérstakt tillit til félagslegra og fjárhagslegra aðstæðna við ákvörðun gjalda, afslátta og styrkja
- Standa vörð um öflugt stuðningsnet með áherslu á þá sem standa höllum fæti
- Leggja áherslu á að styðja fólk til sjálfshjálpar eftir því sem framast er unnt
- Verja þjónustu við börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og setja þau sem glíma við geðræn vandamál og hegðunarvandamál í forgang
- Safna saman upplýsingum og kortleggja líðan og velferð aldraðra
- Vinna markvisst gegn ofbeldi í hvaða mynd sem það birtist, sérstaklega kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum, fötluðum og öldruðum

Blásum til sóknar á íbúa- og atvinnumarkaði

Við ætlum að

- Sjá til þess að alltaf verði í boði ákjósanlegar lóðir fyrir íbúða- og atvinnuhúsnæði
- Efla samkeppnishæfni Akureyrarbæjar og fjölga fyrirtækjum og stofnunum sem telja fýsilegt að byggja upp starfsemi í bænum
- Leggja áherslu á góða þjónustu stjórnkerfisins við íbúa og atvinnulíf
- Halda áfram að byggja upp stígakerfi bæjarins
- Vera áfram leiðandi sveitarfélag í umhverfismálum
- Hefja uppbyggingu vistvæns miðbæjar
- Þróa möguleika fyrir stafræna flakkara (digital nomads) sem vilja nýta þjónustu Akureyrarbæjar
- Taka í notkun smáforrit (app) fyrir íbúa
- Efla Akureyri sem miðstöð þróunar í matvælaíðnaði
- Halda áfram að markaðssetja Akureyri fyrir ferðamenn
- Vinna við útfærslu á borgarhlutverki Akureyrarbæjar í samstarfi við ríkið og sveitarfélög í landshlutanum
- Móta heildarsýn á skipulagi tjaldsvæðisreits við Þórunnarstræti

Handwritten notes and signatures in blue ink, including initials like "JB", "H", "AT", "SBS", and "HJ", and a signature that appears to be "HJ".


Stafrænar lausnir og íbúasamráð

Við ætlum að

- Tryggja að uppbygging þróunarreitar á Oddeyrinni fari í íbúakosningu í gegnum þjónustugátt
- Taka í gagnið nýtt leiðarkerfi strætó byggt á samráði við íbúa
- Leggja áherslu á öfluga upplýsingagjöf
- Efla markvisst íbúasamráð

Akureyri 22. september 2020

fh. Framsóknarflokksins


Guðmundur Baldvin Guðmundsson


Ingibjörg Isaksen

fh. Samfylkingarinnar


Hilda Jana Gísladóttir



Heimir Haraldsson

fh. L-listans



Halla Björk Reynisdóttir


Andri Teitsson

fh. Sjálfstæðisflokksins


Gunnar Gíslason



Eva Hrunn Einarsdóttir


Þórhallur Jónsson

fh. Miðflokksins


Hlynur Jóhannsson

fh. Vinstri Hreyfingarinnar - græns framboðs


Sóley Björk Stefánsdóttir